

141. löggjafarþing 2012–2013.
x. mál.

Umsögn

um ákvæði 14. gr. frumvarps til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.

Frá fjárlaganefnd.

Fjárlaganefnd barst beiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis 12. desember sl. þar sem óskað var eftir umsögn nefndarinnar um 14. gr. frumvarps til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.

Í greininni er lögð til sú breyting að uppistaðan í tekjum Ríkisútvarpsins verði framvegis lögbundinn tekjustofn, markaður stofnuninni, samkvæmt sérstöku gjaldi sem leggst á sömu aðila og þá sem eru skattskyldir samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og nær til bæði einstaklinga og lögaðila. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá gjaldið fellt niður samkvæmt lögum um málefni aldraðra.

Í þessu sambandi er þess fyrst að geta, að fjárlaganefnd er þeirrar skoðunar að draga beri úr mörkun tekjustofna sem kostur er, helst að afnema þá með öllu. Í því skyni hefur nefndin m.a. útbúið frumvarp í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið sem er nú til meðferðar í nefndinni.

Fjárlaganefnd tekur undir nauðsyn þess að standa þurfi vörð um sjálfstæði Ríkisútvarpsins sem ætlað er veigamikili hlutverk í fjölmiðlun á Íslandi. Það á ekki síst við um fjárhagslegt sjálfstæði stofnunarinnar. Nefndin bendir hins vegar á að það markmið á að geta staðið óbreytt, þó að fjármögnun stofnunarinnar sé ekki breytt frá því sem nú er.